

Safnaðarbréf

haust 2007



Einnar helgar virði

Vorferð Kirkjukórs Lágafellssóknar á þessu ári var farin um byggðir Breiðafjarðar. Meðal annars var komið við í Vatnasafninu í Stykkishólmi. Þar gefur að líta sýningu sem bandaríska listakonan Roni Horn setti upp í félagi við Bókasafnhúsið í Stykkishólmi með bráðnu jökulvatni í glærum glerstöplum, í samhljómi við staðsetningu hússins með yfirsýn yfir haf, höfn og bæ. – Nánar segir frá þessari vel lukkuðu ferð á miðopnu.

Skundum nú á norrænt mót...

Hér segir í máli og myndum frá ferð mosfellskra ungmenna á kristilegt mót í Finnlandi -- bls. 2

Sirkus tikk takk

Fyrsti barna- og unglingasirkus Íslands er hluti af barnastarfi Lágafellssóknar. Við segjum nánar frá honum og heimsókn hins danska Cirkus Flik Flak á bls. 3

Fjölgað í sóknarnefnd – bls. 7

Sóknarprestur í orlof – bls. 7



150 ára helfarar minnst

Í sumar var minnst 6 vermannna sem urðu úti á Mosfellsheiði veturinn 1857 og jarðaðir voru í Mosfellskirkjugarði. Tveir afkomendur Ísaks Sigurðssonar bónda í Útey, eins þeirra sem fórust, afhjúpuðu minnisvarða þar í garðinum um vermennina 6. – Ísak í Útey var afi Guðmundar Ísaks Pálssonar, sem aftur er afi þess yngri sem hér hjálpar við verkið og er alnafni afa síns. – Nánar er sagt frá atburðum þessum á bls. 6.



Skundum nú á norrænt mót...

Í nokkur ár hefur hópur unglunga úr æskulýðsstarfinu í Lágafellskirkju tekið þátt í kristilegum æskulýðsmótum KFUM & KFUK. Núna

í ár fór rúmlega 50 manna hópur sem fulltrúar Íslands á mótið sem haldið var við Kukonnotku skammt frá bænum Heinalo í Finnlandi. Af þessum hópi var um helmingur úr Mosfellsbæ.



Ferðin hófst með heimsókn til Kaupmannahafnar þar sem hópurinn gisti í húsi KFUM & KFUK á Amager. Það húsnæði er ekki ókunnugt okkur hér heima því alloft hafa hópar gisti þar.



Eftir stutta viðdvöl í Danmörku var flogið til Finnlands. Þar tók á móti okkur sól og blíða, nokkuð sem við erum ekki vön. Því var sólarvörn eitt það fyrsta sem keypt var og sérstakur flugna-fælufnykur ásamt sérkremum við moskítbitum.



Mikil og góð dagskrá var á mótiinu og skrifuðum við leiðtogarnir margar góðar hug-

myndir hjá okkur. Það var sérstaklega gleðilegt að sjá hve unglingspiltarnir okkar tóku vel í það að handsauma töskur undir sundföt.

Mótið þótti takast allvel og var mikið tekið eftir hve unga fólk okkar var hlýðið, broshýrt og lífs-glatt.

Sérstök ferðasaga með léttum sögufléttum var send næstum daglega á heimasíðu KFUM & KFUK, www.kfum.is, og gátu foreldrar og aðrir fylgst með ferðinni nánast í beinni sendingu.

Á heimasíðunni okkar, www.lagafellskirkja.is, má lesa ferðasöguna í heild sinni.

Á hverju móti er sérstakur mótsöngur og var söngurinn í ár samin við lag þeirra Hammond og Hazlewood: Down by the river. Hér má sjá íslenska hluta söngsins.

Eyjakrakkar eru hress, ekkert vesen ekkert stress veifa mömmu og pabba bless. Fara til Finnlands.

Í Mosfellsbæ er mikið stuð, krakkar syngja oft um Guð

en fjáraflanir eru puð, förum til Finnlands.

Förum til Finnlands, förum til Finnlands.

Skundum nú á norrænt mót, förum til Finnlands.

Selakrakkar eru kát, á þeim finnst þó ekkert fát.

En Óli Jói er alveg mát. Förum til Finnlands.

Lella hún er hörkutól, þó ekki séu alltaf jól.

Í Grensáskirkju er oftast sól, förum til Finnlands.

Förum til Finnlands, förum til Finnlands.

Skundum nú á norrænt mót, förum til Finnlands.

Hreiðar Örn Zoega Stefánsson

Síðastliðinn vetur hafa unglingarnir okkar hérna í kirkjunni verið að æfa sirkusbrögð og þrautir. Um mitt ár fengum við þjálfara frá Danmörku til að slípa okkur til, því að við áttum að taka þátt í sýningum hjá vinasirkus okkar Cirkus Flik Flak sem heldur um þessar mundir upp á 20 ára afmæli sitt – eins og Mosfellsbær.

Með þessum æfingum í vetur og sumar höfum við sett á fót fyrsta barna- og unglingasirkus landsins Sirkus tikk takk og að sjálfsögðu hefur hann heimili sitt hérna í bænum okkar.

Hápunktur starfsins var koma Cirkus Flik Flak hingað til okkar í byrjun júlí. Þar var á ferðinni 46 manna hópur sem sýndi listir sínar í Mosfellsbæ, Kópavogi, Reykjanesbæ, Selfossi, Akranesi og í Vestmannaeyjum. Hér má sjá myndir af sýningum sumarsins, en sirkusstarfið hefst aftur í september. HÖSZ



Fyrsti barna- og unglingasirkus landsins stofnaður í Mosfellsbæ





Tvíbytnan Særún reyndist hið þægilegsta skip þó nokkur ylgja væri í firðinum. Hér við bryggju í Flatey og viðeigandi að bátur merktur Grundarfirði hafði þar líka viðdvöl.

Texti og flestar myndir: SHH

Vorferð Kirkjukórs Lágafellssóknar: Einnar helgar virði

Kirkjukór Lágafellssóknar er félags- skapur sem löngum hefur gert sér ýmslegt til upplýftingar umfram hefð- bundið kórstarf. Helgina 19.– 20. maí s.l. fór kórin í svokallaða vorferð vest- ur í Breiðafjörð. Þátttakendur í ferð- inni voru vel á fjórða tug talsins, kór- félagar ásamt mökum, prestshjónin á Mosfelli og organistinn.

Ekið var sem leið liggur til Stykkis- hólms þar sem farið var um borð í Sæ- rúnu, þægilega tvíbytnu Sæferða ehf. í Stykkishólmi sem flutti hópinn út í Flatey á Breiðafirði.

Svo skemmtilega vill til að Jón Þórður Jónsson, gjaldkeri kórsins og skipuleggjandi ferðarinnar af hálfu kórsins, á þar hlut í húsi. Þar tóku

hann og meðeigandi hans myndarlega á móti hópnum og gáfu að smakka sýnis- horn af afurðum eyjarinnar.

En Jón Þórður er ekki eini kórfélag- inn sem á athvarf í Flatey. Það á einnig Rósa Hilmarsdóttir sem á hús hið næsta húsi móður sinnar þar á staðnum og þangað var haldið frá veisluborði Jóns og félaga í kaffi og með því.

Veður var bjart þennan dag en hitastig skammt ofan við frostmark og næðingur nokkur þannig að gönguferðir um eyna urðu minni en efni stóðu til. Þó komu flestir við í kirkjunni í Flatey sem prýdd er myndverkum Baltasars, sem hann gerði sem ungur maður tiltölu- lega nýkominn til Íslands.

Í bakaleið með Særúnu var borið

fram sælkerahlaðborð þéttsett réttum sem gerð voru furðu góð skil eftir allar góðgerðirnar í Flatey. Skipstjórinn, Lára Hrönn Pétursdóttir mezzo-sópran- söngkona og harmonikkuleikari, sá sér reyndar ekki færi á að koma til okkar með tónlist sína að þessu sinni en sendi



harmonikkuna. Jónas Þórir organisti lét sig ekki muna um að spila nokkur rútbílasönglög fyrir almennum söng, þó hann tæki rækilega fram að har- monikka væri ekkert sérstakt eftirlætis hljóðfæri sitt!

En þessi hjarti veisludagur var ekki enn á enda. Kristján Sigurbjarnarson kórfélagi á hús í Stykkishólmi og þangað var boðið að sjóferð lokinni og nú tók við ein veislan enn, ekki sú minnsta þann daginn, áður en haldið var til Grundarfjarðar þar sem gist var í Farfuglaheimilinu.

Morguninn eftir var haldið til æfinga með kirkjukór Grundarfjarðarkirkju og eftir hádegið til guðsþjónustu í kirkjunni,



Veitingar þagnar hjá Jóni Þórði og félaga hans...



...og kaffi á eftir hjá móður Rósu.

þar sem sr. Jón Þorsteinsson, nú sóknarprestur Mosfellinga, þjónaði í 16 ár.

Að þessu sinni steig hann í stólinn en fyrir altari þjónaði sr. Jón Ásgeir Sigurvinsson settur sóknarprestur í fæðingarorlofi sr. Elínborgar Sturludóttur núverandi sóknarprests í Grundarfirði



sjúkjan í Flatey með myndskreytingum
tasars dregur alltaf að sér ferðamenn.



– sem reyndar er eiginkona sr. Jóns Ásgeirs.

Kóramir sungu saman en Jónas Þórir lék á orgelið. Einnig komu þær systur Sigrún og Eva Harðardætur þar við sögu með fiðlur sínar auk þess að syngja með kórnum.

Eftir messu flutti Kirkjukór Lágafellssóknar dálitla söngdagskrá en Sigrún Harðardóttir og Jónas Þórir léku eftirminnilega saman á fiðlu og orgel. Hanna Björk Guðjónsdóttir, sópran, sem jafnframt er raddþjálfari kórsins, söng einsöng með kórnum.

Ekki verður hjá komist að nefna veðurfarið. Um morguninn var hið skikk-anlegasta veður, að vísu nokkuð þung-



Kórar Grundarfjarðarkirkju og Lágafellssóknar
leiddu hesta sína í guðsþjónustu við
undirleik Jónasar Þóris og systranna Sigrúnar
og Evu Harðardætra. – Ljós- Ómar Runólfsson

búið, en um hádegi skall á slagveður með mikilli úrkomu og roki svo hrikli í því myndarlega húsi sem guði hefur verið reist í Grundarfirði. En þegar mál var að raða þjónkum ferðalanganna í hópferðabílinn til heimferðar var óveðrið dottið niður og í þann mund sem ekið var á brott úr þorpinu var komið hjart veður og skaplegt á ný!

Haft var á orði að allt hefði dottið í dúnalogn við þrumuræðu prestsins enda ekki í fyrsta sinn sem hann hefði

kveðist á við veðurhaminn í Setbergs-
prestakalli.

Að ferðalokum var það eindóma álit að þessi ferð hefði virkilega verið einnar helgar virði, skemmtileg, eftirminnileg og fyllilega staðið undir þeim væntingum sem til hennar voru gerðar.

Næsta vorferð hefur ekki verið ákveðin þegar þetta er skrifað, en hugmyndir eru uppi um ferðalag Kirkjukórs Lágafellssóknar vorið eða sumar-
ið 2009 um byggðir vestur-Íslendinga í Kanada og þegar farið að huga að dag-
skrá fyrir þá ferð. SHH



Presturinn og
organistinn



Ekki besta hljóðfæri Jónasar
Þóris -- en hljóðfæri samt!



...að lokum: alhliða veitingar hjá Kristjáni...
Mynd: Ómar Runólfsson

150 ára minning um mannskaðann á Mosfellsheiði

Frá alda öðli sóttu bændur og vinnu-menn í verið á útmánuðum þegar allra veðra var von. Þá lentu þeir iðulega í hrakningum og hætum.

Laugardaginn 6. mars 1857 lögðu 14 vermenn af stað úr Laugardal og Biskupstungum gangandi yfir Mosfellsheiði til Reykjavíkur. Mikill snjór var yfir og færð þung. Þeir komu seint í náttstað á Þingvöllum og fót þeirra voru enn deig af raka þegar lagt var af stað að morgni.

Um dagmál gengu þeir framhjá Kárastöðum í logni og sokkabandsdjúpri lausamjöll. Snjór var þiðnandi og draup vatn af þiljum. Þegar þeir komu í Vilborgarkeldu sáu þeir skýhnoðra yfir Esjunni og í næstu andrá var skollinn á þreifandi norðanbylur svo vart sá handa skil. Frostið jókst svo fötin stokkgödduðu utan á göngumönnum.

Þeir íhuguðu að snúa við en frá því var horfið. Menntu vildu freista þess að ná sæluhúsinu í Moldbrekkum á miðri Mosfellsheiði og láta þar fyrir berast. Þrátt fyrir mikla leit fundu þeir ekki kofann enda þá komin blindhríð með feiknafrósti og snjókomu af hánorðri. Þá var eina vonin að ná til bæjar í Bringum í Mosfellssveit (Gullbringum), en þangað var um þriggja tíma gangur í góðu færi. Við sólarlag voru flestir orðnir aðframkomnir af þreytu, fötin stálfreðin og klakahúð komin fyrir andlit svo ekki sá út úr augum.

Þeir reyndu að klóra sig niður í freðinn snjóinn og raða farangrinum fyrir sig, því skjól var ekkert og ekki stætt vegna veðurofsa. Tveir menn stóðu þó af sér veðrið alla nóttina og veitti ekki af til að rífa hina upp sem frusu fastir við snjóinn og klakann. Og dauðinn fór að.

Undir dögum slotaði veðrinu lítið eitt og sást rofa fyrir tungli. Þeir sem enn gátu leituðust þá við að halda fram ferðinni, en þegar orðið var hálfbjart af degi rauk veðrið upp á ný og varð hálfu verra en áður. Menntu stóðu sem berir fyrir heljarfrostinu og hróktust undan veðrinu.

Nú var hver sjálfum sér næstur og lítið afgangur til að hjálpa öðrum. Hefði þessi hrina hefði ekki aðeins staðið stutt hefði enginn orðið til



frásagnar. Þegar aðeins dró niður í veðrinu sáu menn að þeir voru skammt neðan við Leirvogsvatn.

Um níuleytið um morguninn náðu fyrstu fimm vermennirnir niður að Bringum. Þar bjó þá Jóhannes Jónsson Lund, bláfátækur bóndi í lítilfjörlegum húsakynnum, og veitti vermönnum aðhlyningu eftir föngum. Þeir voru svo utangátta að þeir gleymdu að segja frá félögum sínum sem enn voru villtir á heiðinni. Þegar húsbóndinn loks heyrði af því bjóst hann þegar til leitar. Þrjá fann hann á göngu fyrir austan Grímannsfell; þeir höfðu tafist við að hjálpa þeim sem voru ósjálfbjarga. Sex vermenn voru ýmist skildir eftir látnir eða í andarslitrunum.

Strax og Jóhannes hafði komið mönnum heim safnaði hann liði í Mosfellsdal til að sækja þá sex sem enn var saknað. Lík þeirra fundust þar sem til var vísað, allir látnir nema einn sem enn var með lífsmarki en lést skömmu eftir að komið var með hann heim í Stardal.

Líkin voru flutt að Mosfelli.

Þeir sem af komust voru fluttir til Reykjavíkur næstu daga.

Magnús Grímsson prestur á Mosfelli jarðsöng vermennina og voru þeir greftraðir í Mosfellskirkjugarði. Ljóst er að vermennirnir voru ekki búnir undir fárviðri þar sem frostið náði allt að 15-20 stigum.

Telja má á fingrum annarrar handar þar sem mannskaðar voru meiri

Myndirnar sem fylgja frásögn þessari af vermönnum og minnisvarða þeirra að Mosfelli tók Magnús Guðmundsson þegar varðinn var afhjúpaður 30. júní s.l., að viðstöddu venslafólki þeirra sem urðu úti í mannskaðaveðrinu á Mosfellsheiði veturinn 1857.



en á Mosfellsheiði árið 1857.

– Þegar þeir Magnús Guðmundsson sagnfræðingur og Bjarki Bjarnason bókmenntafræðingur unnu að bókinni *Mosfellsbær – saga sveitar í 1100 ár*, datt þeim í hug að reisa þessum ógæfusömu mönnum minnisvarða. Þeir færðu það í tal við Jóhann heitinn Björnsson, þáverandi framkvæmdastjóra sóknarnefndar Lágafellssóknar, sem skýrði þeim frá því að afkomendur vermannanna væru þegar að vinna að þessari sömu hugmynd. „Nú er hún að líta dagsins ljós, heiðruð minning forfedranna og haldið til haga baráttusögu þjóðarinnar,“ sagði Magnús í ræðu sinni er minnisvarðinn var afhjúpaður 30. júní s.l., sem með hans leyfi er efnisleg uppstaða í þessari frásögn.

SHH

Sóknarnefnd stærri – nefndir virkari

Á síðasta aðalsafnaðarfundi Lágafellssóknar var sóknarnefndarmönnum fjölgað úr 5 í 7 vegna ört stækkandi sóknar. Hið sama gildir um varamenn í sóknarnefnd. Þessi breyting leiðir af sér hér sem annars staðar að fundum sóknarnefndar fækkar en framkvæmdanefndir verða að sama skapi virkari.

Sóknarnefnd er nú þannig skipuð:

Aðalnefnd: Hilmar Sigurðsson formaður, Kristján Sigurbjarnarson varaformaður, Svanhildur Þorkeldsdóttir gjaldkeri, Karl E. Loftsson ritari. Meðstjórnendur: Jón Þórður Jónsson, Herdís Gunnlaugsdóttir, Valgerður Magnúsdóttir.

Varamenn: Helga Hinriksdóttir, Hólmfríður Arnalds, María Hákonardóttir, Elín Rósa Finnbogadóttir, Kjartan Þór Reinholdsson, Þórdís Sigurðardóttir, Páll Ásmundsson.

Í byggingarnefnd sitja: Kristján Sigurbjarnarson formaður, Birgir D. Sveinsson, Karl E. Loftsson, Már Karlsson, Svanhildur Þorkeldsdóttir, Hörður Baldvinsson, Jón Þorsteinsson og Jónas Þórir.

Fjáröflunar- og kynningarnefnd: Runólfur Smári Steinþórsson formaður, Jóhann Pétur Sturluson, Þórdís Sigurðardóttir, Jónas Þórir og Hilmar Sigurðsson.

Stefnumótunarnefnd: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson formaður, sr. Jón Þorsteinsson, sr. Ragnheiður Jónsdóttir, Jónas Þórir, og Hilmar Sigurðsson.

Hreiðar Örn Stefánsson Zoëga er starfsmaður allra nefndanna.

Samkvæmt venju ber að tilnefna Valnefnd, samþykkt var að í henni ættu sæti 7 aðalmenn í sóknarnefnd, auk organista og framkvæmdastjóra. Auk þeirra eru prófastur og vígslubiskup sjálfskipaðir í valnefnd.

Bygging nýrrar kirkju samþykkt á aðalfundi safnaðarins

Á aðalfundi safnaðarins árið 2007 var eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða:

Aðalsafnaðarfundur Lágafellssóknar heimilar Sóknarnefnd að hefja framkvæmdir við byggingu nýrrar kirkju í Mosfellsbæ.

Jafnframt var kosið í byggingarnefnd vegna fyrirhugaðrar kirkjubyggingar, svo sem sjá má hér til hliðar.

Námsleyfi sóknarprests



Sr. Jón Þorsteinsson sóknarprestur Mosfellsprestakalls fer í þriggja mánaða námsleyfi nú í haust. Sr. Jón mun dvelja við nám í Noregi og í Þýskalandi. Hann kemur aftur til starfa í janúar á næsta ári.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, prestur safnaðarins, mun gegna starfi sóknarprests í fjarveru hans, en sr. Þórhildur Ólafs, sem nú gegnir starfi héraðsprests í Kjalarnes-prófastdæmi mun þjóna sem prestur safnaðarins í stað sr. Ragnheiðar. Aðsetur hennar er í Þverholti 3, II hæð, sími 5667113, farsími 694 8655, netfang thordurolaf@gmail.com

Vetrarstarfið:

Hið eiginlega vetrarstarf í Lágafellssókn hefst að vanda í september. Um nánari tilhögun þess vísast á heimasíðu sóknarinnar: www.lagafellskirkja.is

Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Jóns Þorsteinssonar er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtaltími hans er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Símanúmer: sjá ofan. Fax: 566 7223 Heimasími: 566 7107, farsími 896 2407. Netfang: srjont@ismennt.is

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er á annarri hæð. Sínaviðtaltími hennar er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Símanúmer: sjá ofan. Fax: 566 6624, farsími: 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Viðtaltími Þórdísar Ásgeirsdóttur djákna er í safnaðarheimilinu á þriðjudögum kl. 10-14. Símnúmer: sjá ofan. Farsími: 691 8041. Netfang: thordisa@kirkjan.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtaltíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566 8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðar Arnars Zoega Stefánssonar, frkvstj. er á annarri hæð: Símanúmer: 566 7113, farsími 896 8936. Netfang hreidar@kirkjan.is

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir. Símanúmer: sjá ofan.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Heimasíða Lágafellssóknar: www.lagafellskirkja.is

Helgihald í Mosfellsprestakalli

september til nóvember 2007

2. sept. 13. sd. e. trin

– dagur kærleikspjónustunnar
Útvarpsmessa í Lágafellskirkju kl. 11.00
Prestur. sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

9. sept. 14. sd. e. trin

Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

16. sept. 15. sd. e. trin

Fjölskylduguðspjónusta
Lágafellskirkja kl. 11.00
Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

23. sept. 16. sd. e. trin

Messa í Lágafellskirkju kl. 11.00
(altarisganga)
Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

30. sept. 17. sd. e. trin

Guðspjónusta í Mosfellskirkju kl. 11.00
Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

7. okt. 18. sd. e. trin

Guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.00
Prestar sr. Ragnheiður Jónsdóttir og
Þórhildur Ólafs
Kirkjukór Lágafellssóknar

14. okt. 19. sd. e. trin

Guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.00
Prestur: Sr. Þórhildur Ólafs
Kvenfélagskonur annast lestur
Kór: Vorboðarnir, kór eldri borgara

21. okt. 20. sd. e. trin

Kvöldguðspjónusta
Lágafellskirkja „Taize“ kl. 20.00
Prestur. sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

28. okt. 21. sd. e. trin

Messa í Mosfellskirkju kl. 11.00
(altarisganga)
Prestur: sr. Þórhildur Ólafs
Kirkjukór Lágafellssóknar

1. nóv. allra heilagra messa

Lágafellskirkja kl. 20.00
Samvera að kvöldlagi – látinna minnst

4. nóv. 22. sd. e. trin

Lesmessa í Lágafellskirkju kl. 11.00
Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Ellen og K.K

11. nóv. 23. sd. e. trin

Messa í Lágafellskirkju kl. 11.00
(altarisganga)
Prestur: sr. Þórhildur Ólafs
Kirkjukór Lágafellssóknar

18. nóv. næst síðasti sd. kirkjuárs

Kvöldguðspjónusta kl. 20.00 „Taize“
Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kirkjukór Lágafellssóknar

25. nóv. síðasti sd. kirkjuársins

Guðspjónusta í Mosfellskirkju kl. 11.00
Prestur sr. Þórhildur Ólafs
Kirkjukór Lágafellssóknar

*Samveru- og bænastundir með heimilisfólki á
Dvalarheimili aldraðra á Hlaðhömrum verða
annan hvern miðvikudag í vetur, frá og með 5.
september.*